

# Landsteinar – 1. kafli

## Vesturland

Landshlutinn nær frá Hvalfirði að Gilsfirði. Á Vesturlandi eru tveir stórir flóar, Faxaflói og Breiðafjörður. Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes kallast aftur á móti Suðvesturhornið. Langt nes gengur út í sjó milli Faxaflóa og Breiðafjarðar, Snæfellsnes. Á nesinu eru nokkur kauptún og kaupstaðir. Útgerð og fiskvinnsla er aðalvatvinnuvegur íbúanna enda gjöful fiskimið skammt undan.

Landslag á Snæfellsnesi er stórbrotið og litadýrð mikil. Yst á nesinu er stór og tígulegur jökull, Snæfellsjökull (1446 m) sem er einn fegursti jökull á Íslandi. Á Snæfellsnesi eru margir sérkennilegir gígar og fjöll. Þar eru ljósar fjörur og gróin hraun.

Á Breiðafirði eru grösugar eyjar í hundradatali, Breiðafjarðareyjar. Sigling milli eyjanna er víða erfið og hættuleg. Á eyjunum er mikið fuglalíf og stór selalátur. Á Breiðafirði eru góð hörpuðisksmið. Áður fyrr voru margar eyjanna byggðar og voru þær miklar hlunnindajarðir. Nú eru þær flestar í eyði, aðeins er búið í Flatey sem er forn verslunarstaður.

Flatey á sér langa og merkilega sögu. Þar var reist klaustur árið 1172 en það var síðar flutt að Helgafelli á Snæfellsnesi. Flateyjarbók, sem er eitt veglegasta skinnhandrit Íslendinga, er kennd við eyna en þar var hún varðveitt um tíma. Um miðja 19. öld var Flatey miðstöð menningar og framfara á Íslandi og var þar gefið út tímarit. Þar er líklega elsta bókhlaða á Íslandi.

### Verkefni

1. Notið kort af Íslandi. Finnið nokkra þéttbýlisstaði á Vesturlandi.
2. Finnið nokkur orð yfir landslag í textanum um Vesturland.
3. Finnið orð með sömu eða svipaða merkingu:

forn \_\_\_\_\_

kauptún \_\_\_\_\_

að reisa \_\_\_\_\_

að varðveita \_\_\_\_\_

víða \_\_\_\_\_

skammt undan \_\_\_\_\_

4. Skoðið þessi orð. Í hvaða orðflokki eru orðin? Þekkið þið önnur orð með sömu rót?

*gjöfull, grösugur, gróinn*

5. Talið saman. Af hverju vill fólk ekki búa á eyju á Breiðafirði lengur? Athugið í því sambandi orð eins og *einangrun/einangraður, atvinnutækifæri, heilbrigðisþjónusta, tækifæri til menntunar, samgöngur, afþreying ...*

6. Talið saman. Sveit – borg. Hvað er jákvætt/neikvætt við búa í sveit? Hvað er jákvætt/neikvætt við að búa í borg?

7. Skrifðið nokkrar setningar. Gætuð þið hugsað ykkur að búa á afskekktum stað uppi í sveit?

Já, ég gæti vel hugsað mér að búa í sveit. Ég myndi njóta ....

Nei, ég gæti ekki hugsað mér að búa í sveit. Ég myndi örugglega sakna ...

## Þorrinn

Þorri er fjórði mánuður vetrar samkvæmt gömlu íslensku tímatali<sup>1</sup> og byrjar á föstudegi í 13. viku vetrar (19.-25. janúar). Nafnið þorri kemur fyrst fyrir í handriti frá 13. öld (Grágás) en er líka í Snorra-Eddu<sup>2</sup> þar sem nöfn mánaðanna eru talin upp. Þessi gömlu mánaðanöfn voru notuð allt fram á 18. öld og sum þeirra eru jafnvel notuð enn. Hin mánaðanöfnin eru góa, einmánuður, harpa, skerpla, sólmánuður, heyannir, tvímánuður, haustmánuður, gormánuður, ýlir og mörsugur.

Fyrsti dagur þorra heitir bóndadagur. Það virðist vera ævagömul<sup>3</sup> venja að halda upp á þann dag; að fagna þorra. Samkvæmt fornum munnmælum<sup>4</sup> átti bóndinn á hverjum bæ að fara snemma á fætur á bóndadegi. Hann átti þá að fara út í eintómri<sup>5</sup> skyrturni og annarri buxnaskálminni,<sup>6</sup> draga hina á eftir sér og vera allsber<sup>7</sup> að öðru leyti. Svo átti hann að hoppa á öðrum fæti þrjá hringi kringum

---

<sup>1</sup> tímatal: *chronology*

<sup>2</sup> Snorra-Edda: Snorri Sturluson er talinn hafa samið Snorra-Eddu á árunum 1220-30. Snorra-Edda er um bragfræði og goðafræði.

<sup>3</sup> ævagamall: mjög gamall

<sup>4</sup> munnmæli: *sögur sem fólk sagði – ekki skrifaðar sögur*

<sup>5</sup> eintómri: bara

<sup>6</sup> buxnaskálm: *pant leg, trouser leg*

<sup>7</sup> allsber: nakinn, ber; *naked*

bæinn og bjóða þorra velkominn. Síðan átti húsfreyja að gefa bónda sínum gott að borða og bóndi að bjóða bændum úr nágrenninu heim til sín í veislu.

Nú á tímum eru þorrablót vinsælar veislur. Þá er borðaður þorramatur sem er súrmeti,<sup>8</sup> t.d. súr blóðmör, hrútsþungar og súr hvalur. Einnig er annar íslenskur matur á borðum eins og svið, hangikjöt, harðfiskur, flatbrauð og svo auðvitað hákarl og brennivín. Á þorrablótum er mikið sungið og menn skemmta sér langt fram eftir nóttu.

## Árni Björnsson, þjóðháttufræðingur: Bóndadagurinn

„Þjóðminjasafn Íslands.“

*Já, er hann Árni Björnsson við?*

„Andartak.“<sup>9</sup>

Já.

*Blessaður Árni, þetta er á Morgunblaðinu, Guðrún heiti ég. Mig langaði að vita hvað þú gætir<sup>10</sup> sagt mér um bóndadaginn.*

„Já, það er nú það. Þetta er nú fyrsti dagur þorra en nafnið bóndadagur sér maður ekki í texta fyrr en fyrir rúmum hundrað árum. Það getur þó hafa verið í talmáli miklu lengur, og er mjög sennilegt þrátt fyrir<sup>11</sup> að það hafi ekki komist á bók fyrr. Það var í þjóðsögum Jóns Árnasonar sem þetta orð kemur fyrst fyrir en í gömlum almanökum<sup>12</sup> sést það ekki fyrr en árið 1927.“

*Svo seint?*

„Já, það kom mér einmitt mikið á óvart<sup>13</sup> á sínum tíma en ástæðan er sennilega sú að þessi opinberu<sup>14</sup> almanök eins og Almanak Íslenska þjóðvinafélagsins voru íhaldssöm<sup>15</sup> og varfærin<sup>16</sup> og hafa ekki viljað taka inn orð sem þau hafa talið til tískusveiflna.<sup>17</sup>

Þrátt fyrir að orðið „bóndadagur“ sjáist ekki fyrr en seint á bók þá er það áreiðanlega mun<sup>18</sup> eldri siður að hafa einhvern gleðskap á heimilum á þessum degi.

---

<sup>8</sup> súrmeti: súrmatur

<sup>9</sup> andartak: smástund; bíddu í smástund; sagt í síma þegar maður biður fólk að bíða

<sup>10</sup> gætir: viðtengingarháttur (*subjunctive*) af sagnorðinu *geta*; viðtengingarháttur er notaður til þess að sýna kurteisni

<sup>11</sup> þrátt fyrir: þó að; *despite*

<sup>12</sup> almanak: dagatal

<sup>13</sup> það kom mér á óvart: ég var hissa

<sup>14</sup> opinber: *official*

<sup>15</sup> íhaldssamur: *conservative*

<sup>16</sup> varfærinn: gætinn, *cautious*

<sup>17</sup> tískusveifla: það sem er í tísku; *trend*

<sup>18</sup> mun: *greatly*

Skipulagðar<sup>19</sup> skemmtanir utan heimilis, þorrablót, koma þó ekki til sögunnar<sup>20</sup> fyrr en seint á 19. öld. Það er vegna þess að kirkjan leit þennan gleðskap hornauga<sup>21</sup> og hann var talinn vera arfleifð<sup>22</sup> úr heiðni.<sup>23</sup>

*Hvað með mat á þessum degi?*

„Áður en þorrablótin komu til var einfaldlega borið á borð það besta sem til var og það var oftast hangikjöt enda eitt af því fáa sem geymdist vel hér áður fyrr.

Orðið þorramatur er reyndar<sup>24</sup> ekki nema þrjátíu ára gamalt og það voru veitingamenn í Naustinu<sup>25</sup> sem fundu það upp<sup>26</sup> og þorramatur er einfaldlega gamall íslenskur hversdagsmatur.<sup>27</sup> Það er nefnilega<sup>28</sup> svo að þegar eitthvað hefur gengið í nokkur ár þá heldur fólk að um ævaforan<sup>29</sup> sið sé að ræða.“

*Nú?*

„Já, kátlegast<sup>30</sup> nú í seinni tíð finnst mér vera þessi „siður“ með bóndadagsblómin. Það má dagsetja það hvenær var farið að tala um bóndadagsblóm og það var bara í kringum 1980 og svo halda margir núna að þetta hafi tíðkast<sup>31</sup> lengi. Konudagsblómin eru aftur nokkru eldri hefð og sennilega hefur það þótt vera jafnrétti<sup>32</sup> að þær gæfu körlunum blóm eins og þeir konunum.“

*Er konudagurinn eitthvað af líkum uppruna<sup>33</sup> og bóndadagurinn?*

„Ja, sko, konudagurinn er bara fyrsti dagur góu og hann var aldrei eins mikil hátíð og bóndadagurinn. Það var nú ekki bara vegna karlrembu<sup>34</sup> heldur ber fyrsta dag þorra upp á miðjan vetur en góubyrjun lenti inni í langaföstu<sup>35</sup> og þá mátti ekki borða kjöt og því erfiðara að gera sér eitthvað til hátíðabrigða.“

*Heldur þú upp á bóndadaginn?*

„Nei, ég geri það nú ekki því á þessum tíma er ég mikið pantaður til þess að vera á þorrablótum hjá hinum og þessum samtökum<sup>36</sup> og ég spara því við mig þorramatinn heima hjá mér.“

---

<sup>19</sup> skipulagður: *organised*

<sup>20</sup> koma til sögunnar: *verða til*

<sup>21</sup> líta e-ð hornauga: *view something with suspicion*

<sup>22</sup> arfleifð: *arfur; heritage*

<sup>23</sup> heiðni: *heathendom*

<sup>24</sup> reyndar: *actually*

<sup>25</sup> Veitingahúsið Naustið var við Vesturgötu í Reykjavík. Naustið var stofnað árið 1954. Naustið var fyrsta veitingahúsið sem auglýsti þorramat.

<sup>26</sup> finna upp: *think up, invent*

<sup>27</sup> hversdagsmatur: *matur sem er borðaður á hverjum degi*

<sup>28</sup> nefnilega: *namely*

<sup>29</sup> ævafor: *mjög gamall*

<sup>30</sup> kátlegur: *fyndið*

<sup>31</sup> tíðkast: *be customary*

<sup>32</sup> jafnrétti: *jafn réttur fyrir konur og karla; equality*

<sup>33</sup> uppruni: *origin*

<sup>34</sup> karlremba: *male chauvinism*

<sup>35</sup> langafasta: *lent*

<sup>36</sup> samtök: *félag; union, organisation*

## Verkefni

### 1. Rétt eða rangt?

	rétt	rangt
Árni Björnsson vinnur á Þjóðminjasafninu .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þjóðháttufræðingur rannsakar siði og venjur fólks .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Guðrún er blaðamaður .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Orðið <i>bóndadagur</i> er frekar ungt orð í íslensku .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Það er gömul venja að fagna þorra á heimilum á Íslandi .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Kirkjan var ekki hrifin af þorrablótum af því að þau voru úr heiðni ....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Orðið <i>þorramatur</i> er mjög gamalt orð í íslensku .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þorramatur er matur sem fólk borðaði bara á hátíðisdögum áður fyrr ..	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sá siður að gefa körlum blóm á bóndadaginn er mjög gamall .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Konudagur hefur alltaf verið mikill hátíðisdagur á Íslandi .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Á konudaginn má ekki borða kjöt nú til dags .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Árni Björnsson er duglegur að borða þorramat, bæði heima hjá sér og á þorrablótum .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

2. Hvenær er bóndadagurinn í ár?

3. Hvað gerir fólk á bóndadaginn núna?

4. Hafið þið smakkað þorramat? Langar ykkur að smakka þorramat?

5. Hafið þið farið á þorrablót?

## Úr sögu Íslands

### Landnámið

Ekki er vitað hverjir sáu Ísland fyrstir eða hvenær það var. Fyrstir komu líklega írskir munkar í lok 8. aldar. Í *Íslendingabók* (skrifuð um 1130) segir Ari fróði Þorgilsson að þegar landnámsmenn komu hingað hafi verið hér kristnir Írar en þeir fóru burt af því þeir vildu ekki vera með heiðnum mönnum á Íslandi. Þessir Írar voru kallaðir papar. Nokkur örnefni minna á veru papanna hér, s.s. Papós, Papey og Papafell.

Öllum rituðum heimildum um fund Íslands ber saman um að Ingólfur Arnarson hafi fyrstur manna numið land á Íslandi. Ari fróði telur að Ingólfur hafi komið til Íslands um 870 en yfirleitt er miðað við ártalið 874.

Landnámsmenn komu frá Noregi, einkum Vestur-Noregi og einnig kom fólk frá Bretlandseyjum. Þar á meðal voru Keltar sem voru líklega flestir þjónustufólk og þrælur. Á landnámsöld bjuggu hér 10-20 þúsund manns.

## Upphaf ritunar á Íslandi

Fyrsta tímabil íslenskrar bókmenntasögu nær frá landnáms tíma til 1100. Á þessum tíma eru kvæði og sögur ekki skráðar á bækur heldur geymast í minni manna frá kynslóð til kynslóðar. Með kristnitökunni um 1000 berast bækur hingað, ritaðar á latínu. Um og eftir 1100 fara Íslendingar að skrifa á íslensku og þá byrjar annað tímabil íslenskra bókmennta. Fyrst eru erlend áhrif mikil og sumt er að meira eða minna leyti þýtt úr latínu. Þýðingar á dýrlingasögum (sögum af heilögum mönnum) eru með því elsta sem til er á íslensku. Frumsamin íslensk rit eru gerð í fræðilegum tilgangi eða til hagnýtra þarfa, s.s Íslendingabók Ara fróða og Fyrsta málfræðiritgerðin þar sem latneska stafrófið er aðlagð íslensku. Á þessum tíma skrifuðu Íslendingar líka elstu lögbækur sínar. Þetta tímabil nær fram yfir 12. öldina og er sú öld oft nefnd lærdómsöld.

Á síðari hluta 12. aldar og í byrjun 13. aldar verður merkileg þróun í íslenskum bókmenntum. Þá fara menn að skrifa svokallaðar sögur sem flestir þekkja sem Íslendingasögur. Þær eru lifandi frásagnir af mönnum og atburðum, frá ýmsum tímum og ýmsum stöðum. Helsta uppspretta þessara rituðu sagna eru munnmælasögur. Elstu sögurnar líkjast þurrum fróðleik Ara fróða eða ýkjum heilagra manna sagna. En smám saman renna þessir tveir straumar saman í einn og fróðleikur og ýkjur, raunsæi og skáldskapur blandast saman í hæfilegum hlutföllum. Eru þar með komin sögurit 13. aldar.

Og enn heldur þróunin áfram. Um miðja 13. öld verða fornaldarsögur Norðurlanda til vegna áhrifa frá suðrænum, rómantískum riddarabókmenntum, sem þá er byrjað að þýða á norræna tungu. Innlendar ýkjusögur, sem áður voru sagðar til skemmtunar, urðu mikilvægari og menn fóru að skrifa þær niður. Fornaldarsögurnar hafa gengið í munnmælum á sama tíma og fyrstu Íslendingasögurnar voru skrifaðar.

# Íslendingasögur

Íslendingasögur eru tvímælalaust merkilegustu og frumlegustu bókmenntir Íslendinga. Þær eru frásagnir af íslenskum mönnum og atburðum sem (e.t.v.) gerðust á landnámsöld til fyrri hluta 11. aldar. Jón Ólafsson úr Grunnavík, ritari Árna Magnússonar, skilgreindi efni Íslendingasagnanna mjög skilmerkilega: „Bændur flugust á.“ Sögurnar segja frá deilum, mannvígum og síðan hefndum sem eru mjög mikilvægar fyrir atburðarásina. Þær gerast aðallega á Íslandi. Höfundar Íslendingasagnanna er óþekktir en margir hafa velt fyrir sér og sett fram hugmyndir um hugsanlega höfunda sumra sagnanna. Fræðimenn eru ekki sammála um hvernig sögurnar urðu til. Sumir telja að þær lýsi atburðum sem gerðust í raun og veru og segi frá persónum sem voru uppi á landnámsöld, m.ö.o. að sögurnar seu sagnfræðilegar, en aðrir segja aftur á móti að þær seu hreinn skáldskapur. Fræðimenn telja að ritun sagnanna hafí byrjað um 1200 og er Heiðarvíga saga elsta sagan. Yngstu sögurnar voru skrifaðar á 14. eða 15. öld, til dæmis Grettis saga. Aðrar þekktar sögur eru Njáls saga, Egils saga og Hrafnkels saga svo einhverjar seu nefndar. Íslendingasögurnar eru 36 talsins og eru varðveittar ýmist á skinn- eða pappírshandritum.

Frásögn Íslendingasagna er raunsæ. Þar segir oft frá ævi einnar persónu eða ættar. Frásögnin er oftast í tímaröð. Ytri sögutími er landnámsöld, förin frá Noregi og dvölin á Íslandi. Innri sögutími nær yfir líf eins manns eða heillar kynslóðar. Atburðir og persónur sagnanna eru sýndar eins og á leiksviði, lesendur sjá ekki í hug persóna. Samtöl eru mjög mikilvæg en innri eintöl koma aldrei fyrir. Í staðinn koma tilfinningar fram í vísum.

Sögurnar eru ekki einu fornþekktir Íslendinga. Aðrar tegundir eru t.d. eddukvæði, dróttkvæði, sagnfræðirit s.s. Landnámabók, Snorra-Edda og konungasögur. Höfundur Snorra-Eddu er Snorri Sturluson (1179-1241), frægasti rithöfundur Íslendinga. Auk Snorra-Eddu (um 1220), sem er fræðslurit um bragfræði og goðafræði, skrifaði hann Heimskringlu (um 1230) sem er saga Noregskonunga.

Snorri ólst upp í Odda hjá Jóni Loftssyni. Árið 1199 kvæntist Snorri Herdísi Bersadóttur frá Borg á Mýrum og fékk hann Borg í arf eftir tengdaföður sinn þegar hann dó 1202. Síðar skildi Snorri við Herdísi og bjó frá árinu 1206 í Reykholti í Borgarfirði og var einn mesti höfðingi landsins. Snorri var veginn í Reykholti 23. september 1241.

## Verkefni

1. Skoðið undirstrikuðu sagnirnar í fyrstu efnisgreininni. Hvaða sagnir eru þetta? Í hvaða hætti eru þær? Hvað ræður hættinum?
2. Skoðið undirstrikuðu sagnirnar í síðustu efnisgrein. Hvernig eru þær í nafnhætti? Þekkið þið aðrar sagnir með sömu eða svipaða merkingu?

### 3. Tengid á milli:

Alþingi er stofnað á Þingvöllum	árið 874
Íslendingar ákveða að verða kristnir	árið 930
Landnám hefst	árið 1000
Lærdómsöld er frá	874-1100
Menn byrja að skrifa sögur; Íslendingasögur	1100 og fram yfir 1200
Snorri Sturluson fæddist	árið 1179
Sögur og kvæði ganga í munnmælum	í byrjun 13. aldar
Yngstu Íslendingasögurnar eru frá	14. eða 15. öld

## Úr Laxdæla sögu

### 28. kafli - Af Ólafi og Þorgerði

Ólafur og Þorgerður áttu son. Sá sveinn var vatni ausinn og nafn gefið. Lét Ólafur kalla hann Kjartan eftir Mýrkjartani **móðurföður** sínum. Þeir Bolli og Kjartan voru mjög jafngamlir. Enn áttu þau fleiri börn. Son þeirra hét Steinþór og Halldór, Helgi, og Höskuldur hét hinn yngsti son Ólafs. Bergþóra hét dóttir þeirra Ólafs og Þorgerðar, og Þorbjörg. Öll voru börn þeirra mannvæn er þau óxu upp.

Í **þenna tíma** bjó Hólmgöngu-Bersi í Saurbæ á þeim bæ **er** í Tungu heitir. Hann fer á fund Ólafs og bauð Halldóri syni hans til fósturs. Það þiggur Ólafur og fer Halldór heim með honum. Hann var þá **veturgamall**.

Það sumar **tekur** Bersi **sótt** og liggur lengi sumars.

Það er sagt einn dag er menn voru að heyverki í Tungu en þeir tveir inni, Halldór og Bersi. Lá Halldór í vöggu. Þá fellur vaggan undir sveininum og hann úr vöggunni á gólfið. Þá mátti Bersi **eigi** til fara.

Þá kvað Bersi þetta:

Liggjum báðir  
í lamasessi  
Halldór og ek,  
höfum engin þrek.  
Veldur elli mér  
en æska þér.  
Þess batnar þér  
en **þeygi** mér.



Síðan koma menn og taka Halldór upp af gólfinu en Bersa batnar. Halldór fæddist þar upp og var mikill maður og vasklegur.

Kjartan Ólafsson vex upp heima í Hjarðarholti. Hann var allra manna vænstur þeirra er fæðst hafa á Íslandi. Hann var mikilleitur og vel farinn í andliti, manna best eygður og ljóslitaður. Mikið hár hafði hann og fagurt sem silki og féll með lokkum, mikill maður og sterkur eftir sem verið hafði Egill móðurfaðir hans eða Þórólfur. Kjartan var hverjum manni betur á sig kominn svo að allir undruðust þeir er sáu hann. Betur var hann og vígur en flestir menn aðrir. Vel var hann hagar og syndur manna best. Allar íþróttir hafði hann mjög umfram aðra menn. Hverjum manni var hann lítillátari og vinsæll svo að hvert barn **unni** honum. Hann var léttúðigur og mildur af fé. Ólafur unni mest Kjartani allra barna sinna.

Bolli fóstbróðir hans var mikill maður. Hann gekk næst Kjartani um allar íþróttir og atgervi. Sterkur var hann og fríður sýnum, kurteis og hinn hermannlegsti, mikill skartsmaður. Þeir unnust mikið fóstbræður.

Situr Ólafur nú að búi sínu svo að vetrum skipti.

### **Verkefni**

1. Lesið kaflann hratt yfir og merkið um leið við orð sem þið þekkið ekki.
2. Feitletruðu orðin/samböndin eru sjaldan (eða jafnvel aldrei) notuð í nútímamáli. Hvaða orð/sambönd væru notuð í staðinn?
3. Undirstrikuðu orðin eru orðmyndir sem eru notaðar í annarri mynd í nútímamáli. Hvernig væru þessar myndir í nútímamáli?